



Er siðferðilega rétt að hagnast á emistökum annarra?“ spurði Jónas séra Pálma einlægur á svip. „Nei, sannarlega ekki,“ svaraði séra Pálmi hneykslaður. „Þá var ég að spekulera hvort ég gæti ekki fengið endurgreiddar þessar 50 þúsund krónur sem þú tókst í þóknun fyrir hjónavígsluna í fyrra.“ ■

Vistvænasta skipið og á við *** hótel

HÁSETI „Nú er ég háseti um borð í Stíganda VE. Það er eins og að vera á fjögurra stjörnu hóteli. Svaka pláss. Á flestum þeirra skipa sem ég hef verið á á minni sjómannstíð hefur fiski verið hent, en á Stíganda er allt hirt. Það er alltaf siglt og selt í Þýskalandi þar sem er greitt fyrir allt. Vistvænasta skip sem ég hef verið á,“ segir Kolbeinn Hlynur Tómasson, fyrrverandi stýrimaður á Báru ÍS, sem nýlega var sýknaður í frægu brottkasts máli.

Kolbeinn er nýlega fluttur til Eyja þar sem meiri von er um pláss en á Þorlákshöfn. Hann er Selfyssingur, á fjögur systkini, sonur Tómasar Jónssonar, fyrrum aðstoðaryfirliðregluþjóns á Sel-

fossi, frá Þóroddsstöðum í Ölfusi, sem nýverið hætti eftir um 50 ára starf hjá Löggunni. Móðir Kolbeins er Guðrún Daniélsdóttir, ættuð frá Þórshöfn á Langanesi. „Já, svo er ég Þingeyingur, maður lifandi. Þú verður að treysta því varlega sem ég segi.“

Kolbeinn segist hafa verið of mikill þörupiltur svo ekki kom til greina að feta í fótspor föður síns. Hann hefur alltaf verið sjómaður þó svo að sökum bíladellu hafi sig langað að læra bifvéla-virkjun. „En meðan maður er sémilega sáttur við það sem maður hefur er köllunin til breytinga ekki mikil.“

Kolbeinn Hlynur er 35 ára og á 12 ára gamlan son. „En ég er frír

Persónan

Kolbeinn Hlynur Tómasson var nýlega sýknaður í frægu brottkasts máli sem fyrrum stýrimaður á Báru ÍS 364.



KOLBEINN HLYNUR TÓMASSON Var of mikill þörupiltur til að til greina kæmi að hann fetaði í fótspor föður síns, sem var að hætta í Löggunni eftir um 50 ára starf þar. ■

MAÐURINN MINN



Hann er góður félagi, annars hefðum við varla arkað sama ævi-vegin í 40 ár,“ segir Kristín Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri þingflokks Vinstri grænna, um eiginmann sinn, Jónas Kristjánsson ritstjóra. „Hann er einn besti penni landsins, úrræðagóður og klár. Skemmtilegur viðræðu og góður kokkur. Sjálfur lýsir hann sér gjarnan svo að hann sé hvers manns hugljúfi. Það sýnir góðan hómur. Lífið með honum hefur ekki verið nein loðmolla og ég er fegin því,“ segir Kristín, harla ánægð með sitt. ■

TÍMAMÓT

JARÐARFARIR

13.30 **Elín Elíasdóttir** frá Melstað, Höfðagrund 11, Akranesi, verður jarðsöngin frá Akranesirkirkju.

13.30 **Guðrún Ágústsdóttir** frá Baldurs-haga, Vestmannaeyjum, Dalbraut 20, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Áskirkju.

13.30 **Halldór Guðmundsson**, pípu-lagningameistari, Þangbakka 8, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju.

13.30 **Logi Ásgeirsson** verður jarðsöngin frá Fossvogskapellu.

13.30 **Ragnar Guðmundsson**, Dalbraut 21, áður Bogahlíð 10, verður jarðsöngin frá Háteigskirkju.

14.00 **Elísabet Þórhallsdóttir** verður jarðsöngin frá Útskálakirkju, Garði.

14.00 **Jóhanna Friðriksdóttir**, Kirkjuvegi 11, Keflavík, verður jarðsöngin frá Keflavíkirkirkju.

14.00 **Kristján Sigurðsson**, Háholti 18, Akranesi, verður jarðsöngin frá Akranesirkirkju.

Veistu svarið?

Svör við spurningum á bls. 6

1. Þórarinn Guðnason.
2. 10%.
3. Guðrún Gísladóttir.

Leiðrétting

Að gefnu tilefni skal tekið fram að Árne Johnsen hefur enn ekki látið skipta um læsingar á Kviabryggju.

AFMÆLI



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HELGI ÞORGILS FRIÐJÓNSSON

Afmælisbarnið opnar sýningu á verkum sínum á Kjarvalsstöðum í dag. Hann var í óða önn að hengja upp verkin þegar ljósmyndara bar að.

Íhaldssamur anarkisti

Helgi Þorgils Friðjónsson opnar sýningu á verkum sínum á Kjarvalsstöðum í dag og heldur upp á fimmtudagsafmælið sitt í leiðinni.

50 ÁRA „Það getur verið að afmælisdagurinn sé ástæðan fyrir því að Eiríkur í Listasafni Reykjavíkur úthlutaði mér þessum sýningar-tíma,“ segir Helgi Þorgils Friðjónsson myndlistarmaður. „En ég hugsaði ekkert út í það.“ Hann segist ekki geta neitað því að hann sé nokkuð ánægður með þessa tímasetningu, því nú geti hann slegið saman afmælisveislu og opnun.

Á sýningunni á Kjarvalsstöðum, sem er einkasýning, gefur að líta verk sem Helgi hefur unnið á síðastliðnum þremur árum. Í þeim er hann trúr fígúratívri myndlist sinni, þótt vissulega megi alltaf greina breytingar. Megnið af þeim stóru verkum sem Helgi hefur málað undanfarið verða til sýnis. Helgi segist aldrei ná að mála fleiri en tvö stór málverk á ári. „Þetta tekur tíma,“ segir hann. „En ég reyni að vinna jafnt og þétt.“

Helgi er stofnandi og umsjónarmaður Gallerí Gangs og hefur rekið það af miklum krafti í fjöldamörg ár. En af hverju er þessu áhugi á því að reka gallerí, samhliða listsköpuninni? „Mér hefur fundist það vera nauðsynlegt í þessu samfélagi,“ svarar Helgi. „Ég legg áherslu á að fá erlenda jafnaldrá til þess að koma

og sýna, þannig að fólk geti kynnst verkum þeirra af eigin raun en lesi ekki bara um þau í Flash Art eða annars staðar.“

Helgi Þorgils er nokkuð sáttur við samtímann hvað myndlist varðar og telur ungt myndlistarfólk á Íslandi hafa sýnt mikinn kraft að undanfögnu. „En mér finnst þó vanta meira rými fyrir ungt fólk, svo það sé hægt að hafa meira fjör,“ segir Helgi. „Það þarf að skapa meira andrými fyrir einhvers konar klíkkun og leik.“

Helgi var talsvert í fréttum fyrir nokkrum árum þegar mynd eftir hann, af nöktum karlmanni, var fjarlægð úr Ráðhúsinu að beiðni starfsmanna. Hann segir að sér sé yfirleitt sama um hvað fólk finnst um verk sín, en þó hafi hann orðið dálítið hissa á þessari umræðu. „Ég varð svolítið hissa á því að myndin skyldi ekki fá fólk til þess að líta meira í eigin rann,“ segir Helgi. „Ég vonast alltaf til að áhorfandinn skoði sjálfan sig og viðhorf sín þegar hann skoðar myndirnar mínar.“ En hvar staðsetur hann sjálfan sig, út frá menningarlegum sjónarhóli? „Ég myndi segja að ég væri íhaldssamur anarkisti,“ segir Helgi. „Ég notast við hefðir, en ég nota þær á minn hátt.“



YNGRI
Herra
hafnarfjörður

**NÚ LÍKA FÖT
Á UNGA MENN!**

Húfur kr. 890,- • Hettupeysur kr. 1.990,-
Buxur frá kr. 1.990,- • Bolir frá 990,-

Láttu mömmu splæsa mar ;)

Herra Hafnarfjörður yngri • Firði Hafnarfirði • Sími 565 0073